

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. apríl 2022 í máli nr. 122/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 2. nóvember 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á greiðslu sem innt var af hendi til varnaraðila vegna fyrirhugaðrar leigu á bifreið í eigu varnaraðila.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 15. nóvember 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi þann 7. janúar 2022, sem móttækið var f.h. varnaraðila þann 10. janúar 2022. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru, auk kvörtunar, afrit af bókunarstaðfestingu vegna leigu á bifreiðinni, afrit af skilmálum varnaraðila og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila.

Með bréfi, dags. 27. janúar 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu þann 4. febrúar 2020 um leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila frá 9. júlí 2020 til 15. júlí 2020. Sóknaraðili greiddi leigugjaldið að fullu við bókunina, alls 207.252 krónur. Sóknaraðili afpantaði leigu á bifreiðinni þann 23. júní 2020 og óskaði eftir endurgreiðslu. Svar barst frá varnaraðila þann 25. júní 2020 þar sem fram kom að vegna fjárhagslegra erfiðleika væri varnaraðila ekki fært að endurgreiða sóknaraðila en sóknaraðila var boðin inneign til leigu á bifreið hjá varnaraðila í stað endurgreiðslu. Sóknaraðili ítrekaði afpöntunina með tölvupósti 15. febrúar 2021 og óskaði eftir endurgreiðslu leigugjalds. Varnaraðili staðfesti móttöku afpöntunarinnar degi síðar og kvaðst muni endurgreiða sóknaraðila. Sóknaraðili ítrekaði ósk sína um endurgreiðslu í þrígang í kjölfarið en fékk engin viðbrögð frá varnaraðila. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér leigugjaldið að fullu í samræmi við skilmála varnaraðila og leigusamning málsaðila.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem

hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum eða gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu um leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila þann 4. febrúar árið 2020. Greiddi sóknaraðili leigugjaldið að fullu, alls 207.252 krónur, þann dag. Fyrirhuguð leiga átti að vera frá 9. júlí 2020 til 15. júlí árið 2020. Sóknaraðili afpantaði leiguna með tölvupósti þann 23. júní árið 2020. Sóknaraðili krefst endurgreiðslu leigugjaldsins að fullu í samræmi við skilmála varnaraðila og leigusamning málsaðila.

Í skilmálum varnaraðila, sem fram koma í bókunarstaðfesting vegna leigunnar, er að finna ákvæði um endurgreiðslu leigugjaldsins vegna afbókunar. Þar segir:

If lessee cancels up to 2 days (48 hours) prior to pick up = full refund (100% refund).

If lessee cancels less than 48 hours before pick up = no refund (0% refund).

No shows are not refunded (0% refund).

Við bókun bifreiðarinnar voru sóknaraðila samkvæmt framangreindu veittar þær upplýsingar af hálfu varnaraðila að leigugjaldið yrði að fullu endurgreitt ef hætt yrði við leiguna þegar meira en 48 klukkustundir væru þar til leigutíminn átti að hefjast.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Framangreint ákvæði í skilmálum varnaraðila er skýrt og er sett fram án nokkurs fyrirvara um endurgreiðslur þegar skilyrðið um tímamörk afbókunar eru uppfyllt. Sóknaraðili afpantaði leiguna þegar rúmlega tvær vikur voru þar til leigutíminn átti að hefjast og voru skilyrði til endurgreiðslu uppfyllt. Þá liggur ekkert fyrir um ástæðu þess að varnaraðili taldi sér ekki fært að verða við kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu. Verður því að fallast á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu leigugjaldsins.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að endurgreiða sóknaraðila, X, 207.252 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson